

Aðalfundur 2005

Aðalfundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna
haldinn í Bókasafni Ísafjarðar 18. maí 2005 kl. 20.30

Formaður, Oddný Björgvinsdóttir, setti fund og skipaði Dóru Þorsteinsdóttur fundarstjóra og Hrafn Harðarson ritara.

1. **Inntaka nýrra félaga.** Frá síðasta aðalfundi hafa þau Eva Marín Hlynsdóttir, Bókasafni Hrunamanna, Gísli Sverrir Árnason, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, og Kristín Magnúsdóttir, Bókasafni Bolungarvíkur hætt sem forstöðumenn. Nýir félagar voru kynntir: Ása S. Harðardóttir, Safnahúsi Borgarfjarðar, Áslaug Bjarnadóttir, Bókasafni Hrunamanna, Barbara Guðnadóttir, Bókasafni Ölfuss, Hjalti Þór Vignisson Menningarmiðstöð Hornafjarðar, en staðgengill hans á fundinum var Guðný Svavarsdóttir, og Sigrún Sigurðardóttir, Bókasafni Bolungarvíkur. Var þeim fagnað með lófataki.
2. **Skýrsla stjórnar.** Formaður las skýrslu sína og minntist lítillega á samstarf safnanna fjögurra á innnesum, Álftanesi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi. Skýrsla borin undir atkvæð og samþykkt samhljóða. Sjá fskj.
3. **Reikningar** s.l. starfsárs. Gjaldkeri, Anna Sigríður Einarsdóttir gerði grein fyrir þeim. Hulda Björk Þorkeldsdóttir tók fram að 200 þús. kr. framlag vegna Velferðarsjóðs íslenskra barna væri eyrnamerkt verkefni "Bækur og móðurmál". Reikningar samþykktir samhljóða.
4. Gjaldkeri gerði grein fyrir **fjárhagsáætlun** næsta starfsárs. Hulda Björk Þorkeldsdóttir minnti á að áður var Kynningarsjóður sameiginlegur kynningarsjóður safnanna, en nú hefði félagssjóður eiginlega tekið við. Hún lagði til að félagsgjald yrði hækkað úr 5000.- kr. í 6000.-. Var sú tillaga samþykkt samhljóða.
5. Engar **lagabreytingatillögur** höfðu borist og féll því þessi liður niður.
6. **Kostning nýrrar stjórnar.** Fráfarandi stjórn lagði til að Hólmkell Hreinsson yrði kosinn formaður og aðrir í stjórn með honum yrðu aðalmenn Ingibjörg Hjartardóttir, Bókasafni Ólafsfjarðar, Margrét Aradóttir, Bókasafni Eyjafjarðarsveitar og Dóra Stefánsdóttir, Héraðsbókasafninu Sauðárkróki til vara. Var tillaga stjórnar samþykkt með lófataki.
7. Þá voru samþykktar tillögur stjórnar um tvo **endurskoðendur** af Norðurlandi, þær Sigurbjörg Pálsdóttir, Bókasafni Dalvíkur og Stefanía Gísladóttir, Bókasafni Öxarfjarðar. Samþykkt með lófataki.
8. **Önnur mál:**
 - a) Margrét Asgeirsdóttir, Bókasafni Selfossi, flutti greinargerð (sjá fskj.) um starf sitt sem fulltrúi SFA í norrænni nefnd um Upplýsingalæsi í bókasöfnum.
 - b) Anna Sigríður Einarsdóttir, Bókasafni Hafnarfjarðar fjallaði um Hvar.is og landsaðgang að gagnasöfnum. Lagði til að kosinn yrði varamaður í stjórnina með sér, því hún ætti að ganga úr stjórn innan tíðar. Var stungið upp á Margréti Gísladóttur, Bókasafni Grindavíkur og hún samþykkt með lófataki. Þá lagði Anna Sigríður til að kosinn yrði varamaður hennar og var stungið upp á Áslaugu Óttarsdóttur, Borgarbókasafni, Sólheimasafni og hún samþykkt með lófataki.
 - c) Marta Hildur Richter, Bókasafninu Mosfellsbæ kom inn á hvort ekki væri hægt að finna samningsflöt á því að gefa út til kaups hljóðbækur þær sem framleiddar eru í Blindrabókasafni Íslands. Miklar breytingar sem nú eiga sér stað í almenningsbókasöfnum og mætti taka fyrir á næsta haustfundi samtakanna.
 - d) Helga Ólafsdóttir Blindrasafni Íslands lagði til að myndaður yrði þrýstihópur til að vinna að því að leyfi fáist til að gefa út hljóðbækur safnsins og leysa höfundarréttarmálin í því sambandi. Taldi það þó erfiðleikum bundið. Þyrfti að fá menntamálaráðuneytið í málið.
 - e) Margrét Asgeirsdóttir spurði hvert væri hlutverk Ragnheiðar Þórarinsdóttur í ráðuneytinu. Og hvort skila ætti skýrslu til "bókafulltrúa". Málið rætt nokkuð en Hólmkell Hreinsson, sem sæti á í Ráðgjafarnefnd um málefni almennings-bókasafna var ekki á fundinum en hefði e.t.v. getað upplýst eitthvað um málið.
 - f) Barbara í Þorlákshöfn lagði til að gert yrði veggspjald upp úr bæklingnum góða um gildi lesturs fyrir börn, "Lestrarstund er gæðastund".

Fundarstjóri auglýsti eftir fleirum sem vildu ræða önnur mál, enginn gaf sig fram og fundi því slitið kl. 21.50